VSÓ RÁÐGJÖF

VERKEFNI HEILBRIGÐISEFTIRLITS

Niðurstaða starfshóps á vegum SSH



2. nóvember 2026

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

STAÐAN – MARGT ENN ÓLJÓST

- Starfshópurinn hefur greint verkefni sveitarfélaga og lagt mat á umfang og kostnað að því marki sem hægt er.
- Eftirlit og leyfisveitingar flytjast til UOS og STAV um áramót.
- Heilbrigðisfulltrúum hefur verið sagt upp og heilbrigðisnefndir verða lagðar niður.
- Endurskoðaðar reglugerðir hafa ekki verið birtar.
- Verkaskipting og verklag samráðs og samstarfs milli sveitarfélaga og UOS og STAV enn óljóst.
- Óljóst að hvaða marki UOS mun sinna verkefnum, m.a. loftgæðamælingum.

VERKEFNI SEM FARA FRÁ SVEITARFÉLÖGUM (AÐ MESTU)

Loftgæði

Lagt til að verkefnið verði alfarið hjá UOS og sveitarfélögin hætti rekstri loftgæðastöðva.

Mengaður jarðvegur

HES gerði frummat þegar mengun fannst og leiðbeindi um viðbrögð. Fer til UOS.

Hljóðvist

HES hefur brugðist við kvörtunum um hávaða, mælt hávaða og séð um eftirfylgni. Fer til UOS.

Umsagnir

Umsagnir sem HES gerði um skipulagsmál, framkvæmdir og mat á umhverfisáhrifum fara til UOS og STAV. Áfram verða skipulags- og byggingafulltrúar umsagnaraðilar.

VÖKTUN VATNS - VERÐUR ÁFRAM HJÁ SVEITARFÉLÖGUM

Verkefnin

- Vöktun vatna, lækja, tjarna og strandsjávar.
- Gera vöktunaráætlun í samræmi við lög um stjórn vatnamála.
- Hluti vöktunar hefur tengst rekstri vatnsveitu og fráveitu. Þessu er mismunandi komið fyrir hjá sveitarfélögum.
- Tengist líka baðstöðum í náttúrunni og sjóböðum.

Ef samstarf:

- *Samræmd vinna og gögn, sérhæfing starfsfólks.*
- *Mögulega hagræði í rekstri aðstöðu og búnaðar.*
- *Stofna þarf sérstaka starfseiningu eða fela einu sveitarfélagi verkefnið.*
- *Skoða þarf hvernig vöktun fyrir veitufyrirtæki verður.*

Ef hvert sveitarfélag sér um vöktun vatns á sínu svæði:

- *Bein stjórnun hjá hverju sveitarfélagi.*
- *Finna þarf verkefninu stað hjá öllum sveitarfélögum.*
- *Gæti leit til mismunandi umfangs, gæða og aðferða.*
- *Gæti verið óhagræði að fleiri starfsmenn sinni þessu.*

Hægt er að bjóða út hluta þjónustunnar í báðum tilfellum.

Vatn og mengun fylgir ekki sveitarfélagamörkum

VATNSVERNDARSVÆÐI - VERÐUR ÁFRAM HJÁ SVEITARFÉLÖGUM

- Sameiginleg stjórnun er talin mikilvæg þar sem vatnsverndar-svæðin og vatnsauðlindin ná yfir sveitarfélagamörk.
- Vitum ekki hve stór hluti verkefnanna fer til STAV. Neysluvatnsreglugerð hefur ekki verið uppfærð.
- Verði tiltekin verkefni áfram á ábyrgð sveitarfélaga er lagt til að þau verði unnin sameiginlega á höfuðborgarsvæðinu, með aðkomu allra sveitar-félaganna.
- Tryggja þarf samfellu í viðbrögðum við vá, leyfisveitingum og eftirliti.

DÝRAHALD – VERÐUR ÁFRAM HJÁ SVEITARFÉLÖGUM

Verkefnin

Skráning og eftirlit með gæludýrum, t.d. hundahald.

Taka við og bregðast við kvörtunum.

Taka við særðum og týndum dýrum, vista þau og koma fyrir.

Fanga og geyma hesta og búfé ef þau eru laus.

Ef samstarf:

- *Jafnt þjónustustig við íbúa, samræmd vinna og gögn, sérhæfing starfsfólks.*
- *Mögulega hagræði í rekstri aðstöðu og skráningarkerfa.*
- *Reynsla er af samstarfi, sveitarfélög kaupa þjónustu af öðrum sveitarfélögum, t.d. vistun dýra sem finnast.*

Ef hvert sveitarfélag sér um dýrahald á sínu svæði:

- *Bein stjórnun hjá hverju sveitarfélagi, staðbundin þekking og stuttar boðleiðir.*
- *Ólík þjónusta við íbúa milli sveitarfélaga.*
- *Kostnaður fellur á annað sveitarfélag ef dýr fara á milli.*
- *Finna þarf verkefninu stað hjá öllum sveitarfélögum.*

Hægt er að bjóða út hluta þjónustunnar í báðum tilfellum.

Dýr fylgja ekki sveitarfélagamörkum

UMGENGNI UTANHÚSS - VERÐUR ÁFRAM HJÁ SVEITARFÉLÖGUM

- Er að hluta hjá tæknideildum sveitarfélaga nú þegar.
- Heilbrigðiseftirlit hefur verið með valdheimildir og þvingunarúrræði sem hafa gangast að einhverju leyti.
- Þarf að færa verkefnin alfarið til tæknideilda eða áhaldahúsa.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

VSÓ RÁÐGJÖF

NÆSTU SKREF

Fyrir áramót

- Vatnsverndarmál – setja hóp sem tekur utan um verkefnið.
- Hvert sveitarfélag kemur öðrum verkefnum fyrir hjá sér.
- Endurskoða samþykktir á einfaldan hátt svo valdheimildir og verkefni verði ekki munaðarlaus.
- Ef sveitarfélag býður verkefni út, gera það til skamms tíma.

Þegar regluverk skýrist

- Ákvörðun um samstarf eða ekki þegar mál skýrast.
  - *Vatnsvernd*
  - *Vöktun vatns*
  - *Dýrahald*
- Endurskoða samþykktir með hliðsjón af regluverki og ákvörðunum um samstarf.
- Fá betri valdheimildir og þvingunarúrræði fyrir sveitarfélög vegna samþykkta sem settar eru á grunni laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.